

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2026 haldinn í Brúarásskóla, sunnud. 31. maí kl. 14.

Dagskrá:

1. Erindi gesta fundarins:
 - Erindi Þrastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka
 - Erindi Kára Lefever frá Landsvirkjun um vatnsstöðu Háslóns
 - Erindi Inga Rúnars Jónssonar og Friðþjófs Árnasonar frá Hafrannsóknastofnun um seiðarannsóknir og botnngerðarmat
2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu og reikninga
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Kosningar:
 - a. Kosning 2ja stjórnarmanna til þriggja ára
 - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
 - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs
 - d. Kosning kjörbréfanefndar
9. Arðgreiðslur
10. Afgreiðsla arðskrár
11. Önnur mál

Þorvaldur P. Hjarðar formaður setti fund kl. 14.05 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Jón Jónsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að kanna lögmati hans. Enginn gerði athugasemd við boðun fundarins en hann var boðaður skriflega með bréfi sem póstlagt var 20. maí. Gengið var til dagskrár.

1. Erindi gesta

Þróstur Elliðason, leigutaki og fyrirsvarsmaður Strengja

Þróstur Elliðason flutti sitt erindi og fór yfir það helsta varðandi veiði og aðstöðu við Jöklu. Veiðin fór vel af stað eftir hagstætt vor. Fyrstu laxar sáust í Hólaflóðinni um 20. júní og þrátt fyrir mikið vatn hjá fyrstu veiðimönnum þá náðust fiskar á land. Laxinn var genginn upp fyrir Hólaflúð strax í byrjun júlí. Yfirfallið kom hins vegar snemma í byrjun ágúst en þrátt fyrir það veiddust yfir 800 laxar í Jöklu sjálfri. Veiðisvæðið lengdist um 10 km því að tveir laxar veiddust fyrir ofan Tregluhyl rétt fyrir yfirfall og annar þeirra 1 km ofan við Stuðlagil. Annars voru bestu veiðistaðir Hólaflúð, Steinbogi, Hauksstaðabrot og Hreindýrabakki. Mikið af smálaxi undir 60 cm var í ánni og aðallega hængar sem gefur vonir um að stórar hrygnur skili sér í miklu magni í ána í sumar.

Silungsveiði í Jöklu var með minnsta móti og bleikjuveiði í Laxá hrundi á meðan metveiði var á stórri bleikju í Kaldá auk þess sem Kaldá gaf 78 laxa. Vatnsleysið í Laxá

J.J. 882

gerði laxveiði erfiða en þegar loks kom vatn í ána fór að veiðast og voru 45 laxar skráðir í henni.

Seiðasleppingar voru 31.000 stór gönguseiði sem fóru í sleppitjarnir í Laxá, Fossá og Kaldá og síðan var 25.000 smáseiðum sleppt í Gilsá og neðan við Skjölfólfsstaði auk þess sem sett voru smáseiði í Fossána. Frá því að Jökluævintýrið hófst fyrir 20 árum er búið að sleppa rúmlega 1,7 milljón seiða á svæðinu. En náttúruleg hrygning er orðin mikil eins og seiðarannsóknir sýna sem gerir það að verkum að ekki er eins mikil þörf á smáseiðasleppingum uppi á Dal.

Haldið var áfram að bæta húsakynnin í Hálsakoti til að auka gæði gistingar. Heildarupplifunin í veiðiferðinni skiptir orðið meira máli en bara veiðin sjálf að sögn þrastar. Salan á veiðileyfum í ár gengur þokkalega en nokkur holl hafa losnað vegna þess að Bretar hafa verið að detta út. Þeir eru einn mikilvægasti kúnnahópurinn í Jöklu en efnahagsástandið þar í landi virðist leiða til afbókana. Íslendingar eru að koma sterkar inn og orðnir spenntir fyrir ánni þó að þeir virðist alltaf fyrst og fremst horfa á veiðitölurnar. Það má því búast við að mikið verði um Íslendinga á bökkum Jöklu í sumar.

Veiði í sumar hefst 23. júní. Útlitið með yfirfallið er gott og staða Háslóns hefur aðeins verið lægri þrisvar sinnum þannig að góðar líkur eru á að hægt verði að veiða út ágúst.

Þröstur endaði tölu sína á að segja að það hefði tekið lengri tíma að byggja veiði í ánni upp og markaðssetja hana heldur en hann hefði búist við í upphafi. Markmiðið væri samt áfram að gera Jöklu að bestu laxveiðiá í heimi og hann væri til í að vinna áfram með veiðifélaginu að því.

Tvær spurningar komu til þrastar. Spurt var um sveiflur á veiði í þveránum og hvort það væri vegna þess að þær væru svo lítið stundaðar. Þröstur sagði að fyrst og fremst væri það vatnsleysið, t.d. í Laxá, sem gerði það að verkum að ekkert veiddist heilu dagana þó að áin væri stunduð. Það væri minna vandamál í Kaldá þar sem alltaf væri nóg vatn. Önnur spurning var um hvort eldislaxar hefðu veiðst í ánni. Þröstur sagði engan lax sem hefði komið beint úr sjókví hafa veiðst í Jöklu en við sýnatökur úr klakfiskum, sem alltaf eru framkvæmdar, hefðu komið fram norsk gen í tveimur löxum sem sýndi að erfðablöndun er til staðar í Jöklu eins og flestum laxveiðiám á Íslandi.

Kári Lafever frá Landsvirkjun

Kári Lafever er að taka við stöðu Árna Óðinssonar hjá Landsvirkjun og hann kynnti spár Landsvirkjunar um yfirfallið í ár og sýndi línurit í því sambandi. Spáin var gerð 16. apríl á þeim tíma sem vant er að gera hana. Staða Háslóns hefur lækkað mikið síðan þá en það ætti ekki að hafa áhrif á spána að sögn Kára. Aðeins þrisvar áður hefur lónið staðið lægra á þessum árstíma og þar spilar eitthvað inn í að mikil vinnsla hefur verið í Fljótsdalsstöð í vetur til að spara vatn í Þórisvatni fyrir verkefni sumarsins.

Spá sérfræðinganna er að það séu helmingslíkur á að yfirfallið komi í ágúst og aðeins 42% líkur á að það verði komið 20. ágúst. Líkurnar aukast hins vegar þegar kemur fram í september og 77% líkur á yfirfalli um 20. sept. Vegna lágrar stöðu lónsins eru samt aðeins 80% líkur á að það komi yfirfall fyrir 1. okt. sem er óvanalegt.

Kári ítrekaði að þó að þessi spá liti vel út þá ylti þetta allt á hita og sólbráð í sumar. Mikil og langvarandi hlýindi gætu breytt stöðunni hratt.

J.J. 588

Hann gerði síðan grein fyrir skolun á botnrás við Kárahnjúka sem fór fram kringum 20. maí. Þá var botnrás undir stíflunni opnuð til að kanna hvort lokar virkuðu og hreinsa úr pípum. Aðeins var opnað fyrir 30% rennsli um botnrásina í 1-2 mínútur. Hann sagði þess misskilnings gæta að þetta hefði verið botnskölun eins og framkvæmd er sumstaðar. Svo er ekki og vatnsmagnið sem hleypt er í gegn óverulegt og hefur engin áhrif á ána.


Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason frá Hafrannsóknastofnun

Ingi Rúnar Jónsson sagði frá þeim seiðarannsóknum sem Hafrannsóknastofnun hefur stundað um árabíl í Jöklu til að vakta hvernig laxinn þrífst og nemur land í ánni. Á hverju sumri fara fram rafveiðar á seiðum á föstum stöðum vítt og breitt í Jöklu. Seiðin eru mæld og rannsökuð og gefa upplýsingar um útbreiðslu og ástand seiðabúskapar í ánni. Ingi Rúnar fór yfir niðurstöður frá 2025 sem sýna að náttúruleg hrygning er orðin víða í Jöklu þar sem fjöldi slíkra seiða og mælanlegur þéttleiki eykst ár frá ári. Sérstaklega er það um miðbik árinna og niður að Blöndubreiðu auk þess sem þverár eins og Hnefla, Húsá, Laxá og Fossá koma sterkar inn. Allt bendir því til þess að útbreiðslan sé að aukast og laxinn enn að nema lönd í ánni. Því til stuðnings nefndi hann hreistursýnið af laxinum sem veiddist ofan við Stuðlagil rétt fyrir yfirfall. Það reyndist vera af hrygnu sem var af náttúrulegum uppruna en ekki úr seiðasleppingu. Hún hafði verið búin að vera tvö ár í sjó og þar sem hún veiddist þetta ofarlega var hún væntanlega á leið að upprunasvæði sínu í ánni. Það gefur góðar vonir um framtíðina.

Friðþjófur Árnason fór yfir botngerðarmatið sem hann ásamt fleirum hafa unnið að síðan 2023. Skýrsla um það er komin á netið hjá Hafró og er einnig aðgengileg á heimasíðu veiðifélagsins. Friðþjófur fór yfir aðferðafræðina við matið á botngerð sem er grundvöllur til að meta uppeldisskilyrði svæða. Jökla er 126 km löng frá stíflu við Kárahnjúka og út að Héraðsflóa og í dag er hún með dragárvatni nema þá 2-3 mánuði sem yfirfall varir. Áin er með tiltölulega jafnan halla alla þessa leið sem hún rennur sem er óvenjulegt fyrir svona langa á. Lífsskilyrði laxfiska hafa breyst mikið á síðustu 20 árum og útbreiðslan aukist.

Það sem liggur að baki aðferðafræðinni er að rannsóknir sýna að laxaseiði velja sér botngerð og straumhraða sem hentar þeim best. Þannig er hægt að búa til staðla til að nota við mat á búsvæða seiðanna. Botngerðin ræður þar mestu og er skipt í 5 flokka þar sem hver flokkur er með ákveðinn stuðul eftir grófleika botnsins. Dýpi árinna er síðan vegið inn í útreikningana. Vatnsfallinu er skipt upp í einsleita kafla sem geta verið mislangir og þannig skiptist Jökla í 15 slíka kafla frá því þar sem Hafrahvammagljúfur enda og út að ósum, rúmir 117 km. Á vettvangi eru valin þversnið þar sem breidd árinna eru skráð og straumur og dýpi mæld ásamt ýmsu fleiru um leið og botngerð er metin. Þegar búið er að taka flatarmálið inn í útreikninginn koma út framleiðslueiningar fyrir viðkomandi svæði. Hliðarár voru teknar með og eru yfirleitt með hátt framleiðslugildi en framleiðslueiningar þeirra eru fáar vegna lítills flatarmáls miðað við Jöklu sjálfa.

Friðþjófur fór yfir hvernig matið var framkvæmt. 33 kaflar voru metnir í Jöklu og þverám og 85 þversnið tekin í júlí sumri 2023 og 2024. Flestar framleiðslueiningar eru á neðsta svæði frá Blöndugerði og niður að ósum enda flatarmálið mest þar og botngerðin best.



Hann sýndi þær töflur sem eru í skýrslunni og voru grunnurinn sem Skarphéðinn Smári hjá Logg notaði til að reikna út hvernig einingar fyrir uppeldisskilyrði væru metin inn í nýja arðskrá. Að öðru leyti er vísað í skýrsluna um frekari upplýsingar.

Í lokin sýndi Friðþjófur línurit sem gaf til kynna hvernig framleiðsueiningar og hámarksveiði í laxveiði spila saman í fjölda áa. Miðað við það á Jökla nóg inni og möguleika á að fóstta mikið magn af laxi þannig að ómögulegt er að spá um hvað veiðin getur orðið mikil í framtíðinni.

Punktur í lokin frá Friðþjófi og Inga Rúnari voru þessir:

- Heildarlengd og flatarmál fiskgengra svæða í Jöklu og hliðarám er gríðarlega stórt
- Víða eru góð skilyrði fyrir uppeldi laxaseiða
- Lax er ennþá að nema land upp eftir farveginum
- Óvissa er um hver ofarlega í vatnakerfinu lax mun hrygna og seiði þrífast
- Óvissa er um áhrif yfirfallsvatns á afkomu seiða og hrygningar
- Fróðlegt væri að merkja lax og fylgjast með uppgöngu
- Fróðlegt væri að merkja laxaseiði og sleppa á efsta hluta

2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Atkvæðaskrá hafði verið send út með fundarboði og ekki komið fram athugasemdir við hana, alls 74 atkvæði. Þorsteinn P. Gústafsson kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar varðandi umboð og mætingu. Mættir á þennan aðalfund voru 30 manns með gestum í sal á Skjöldólfsstöðum. Atkvæði teljast 56, þar af eru skrifleg umboð 39. Sjá nánar um atkvæði í fylgiskjali 1.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd höfðu borist og voru metin gild eru sem hér segir:

Skúli Björn Gunnarsson	umboð frá eiganda Litla-Bakka	1 atkv.
-	umboð frá ábúanda Skriðuklausturs	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Galtastaða út	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Hnitbjarga	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Árteigs	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Valþjófsstaðar	1 atkv.
Halla Eiríksdóttir	umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Hákonarstaða II og Breiðalækjar	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Langagerðis & Arnórsstaða 3	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Arnórsstaðaparts	1 atkv.
-	umboð frá ábúanda Arnarhóls og Merkis	2 atkv.
-	umboð frá ábúanda Eiríksstaða	1 atkv.
Þorvaldur P. Hjarðar	umboð frá eiganda Hjarðarhaga	1 atkv.
-	umboð frá eigendum Laugarvalla	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Hrærekslækjar	1 atkv.
	umboð frá eigendum Hnefilsdals I og II	2 atkv.
	umboð frá eiganda Klaustursels	1 atkv.
	umboð frá ábúanda Hofteigs	1 atkv.
	umboð frá eigendum Smáragrundar og Skeggjastaða	2 atkv.

J.J. 586

Gestur Hallgrímsson	umboð frá eiganda Blöndugerðis	1 atkv.
	umboð frá eiganda Stóra-Bakka	1 atkv.
	umboð frá eiganda Árbakka	1 atkv.
Þórarinn Hrafnkelsson	umboð frá eiganda Breiðumarkar I og II	2 atkv.
	umboð frá eiganda Sleðbrjóts I og II	2 atkv.
Stefán Halldórsson	umboð frá eigendum Brúar I og II	1 atkv.
Agnar Benediktsson	umboð frá eiganda Hvannár I og III	2 atkv.
Lárus Brynjar Dvalinsson	umboð frá eiganda Hrafnabjarga IV	1 atkv.
Stefanía Karlsdóttir	umboð frá eigendum Grundar	1 atkv.
Guðmunda Vala Jónasdóttir	umboð frá eigendum Hrafnabjarga III	1 atkv.
Aðalsteinn Sigurðsson	umboð frá eiganda Vaðbrekku	1 atkv.

Ábúendur og/eða landeigendur á fundinum með atkvæði:

Agnar Benediktsson	eigandi Hvannár II	1 atkv.
Gestur Hallgrímsson	ábúandi Blöndubakka	1 atkv.
Rúnar H. Guðmundsson	eigandi Hrafnabjarga II	1 atkv.
Snæbjörn Ólason	eigandi Hauksstaða	1 atkv.
Þorsteinn P. Gústafsson	eigandi Geirastaða 2	1 atkv.
Lárus Brynjar Dvalinsson	eigandi Vörðubrunar	1 atkv.
Guðmundur Ólason	eigandi Hrólfsstaða	1 atkv.
Þorsteinn Snædal	eigandi Skjöldólfstaða I	1 atkv.
Laufey Ólafsdóttir	eigandi og ábúandi Húsey I og II	2 atkv.
Sigmar Daði Viðarsson	eigandi Hrafnabjarga I	1 atkv.
Sigurður H. Jónsson	eigandi Mælivalla og Skuggahlíðar	2 atkv.
Sigríður Auðna G. Hjarðar	eigandi Hjarðargrundar	1 atkv.
Svandís Sigurjónsdóttir	eigandi og ábúandi Torfastaða	1 atkv.
Hlíðar Eiríksson	eigandi og ábúandi Hlíðarhúsa	1 atkv.
Þórarinn Ingi Guðnason	eigandi og ábúandi Mássels	1 atkv.

Engar athugasemdir voru gerðar við niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Tekið var fundarhlé eftir að kjörbréfanefnd hafði skilað af sér. Gæddu fundarmenn sér á kaffi og kökum í 15 mínútur áður en fundi var fram haldið.

3. Skýrsla stjórnar

Þorvaldur P. Hjarðar formaður flutti skýrslu stjórnar. Haldnir voru sjö stjórnarfundir á starfsárinu og varamönnum ætíð boðið að sitja þá líka. Fjarfundabúnaður nýttur töluvert. Verkaskipting var óbreytt, Skúli Björn ritari og Halla gjaldkeri.

Veiðifélagið fékk styrk úr Fiskræktarsjóði til að laga veiðivegi og aðgengi á Efra-Dal. Meðal annars voru slóðar við Arnórsstaði lagaðir og aðkoman við Tregluhyl. Landeigendur voru hvattir til að sækja um styrki til félagsins og minnti formaður menn á að sækja um fyrirfram því að það gæti orðið að forgangsraða.

Fiskræktaráætlun til næstu fimm ára var staðfest af Fiskistofu og búið er að senda inn nýtingaráætlun til Fiskistofu. Auk þess var skilað skýrslu um seiðasleppingar og fiskrækt fyrir 2025.

Handwritten signatures and initials in blue ink.

Veiðin á Jökclusvæði var lakari 2025 en 2024 enda kom yfirfallið í byrjun ágúst þetta árið. Samt veiddust yfir 800 laxar í Jöklu og veiðisvæðið lengdist upp fyrir Stuðlagil. En arðgreiðslur til félagsmanna lækkuðu þar sem leigutekjur fara eftir þeim dögum sem Jökla er án yfirfalls. Arður var greiddur út í árslok í samræmi við samþykkt aðalfundar.

Fréttabréf var sent út í júní og í því voru landeigendur hvattir til að taka til hver fyrir sínu landi. Þannig var ekki eiginlegur tiltektardagur en samt boðið til grillveislu í Hálsakoti 29. júní þar sem fleiri félagsmenn hefðu mátt láta sjá sig.

Formaður minntist á að aðalfundur Landssambands veiðifélaga hefði verið haldinn á Egilsstöðum í 26.-27. apríl. Veiðifélagið sá um að manna fundarstjóra, skipuleggja menningardagskrá fyrir maka og veislustjórn. Þá hefði leigutaki boðið fundarfólki í móttöku í Hálsakoti.

Formaður nefndi sjókvíaelði á laxi í skýrslunni en veiðifélagið hefur staðið með öðrum veiðifélögum að ályktunum varðandi það. Einnig ræddi hann framkvæmdir við ána sem kæmu til umsagnar hjá félaginu og tekin væri afstaða til hverju sinni.

Stærsta verkefni félagsins þetta starfsárið hefur verið endurskoðun arðskrár sem er lögð fyrir þennan aðalfund. Sérfræðingar frá Hafrannsóknastofnun hafa unnið að búsvæðamati síðustu þrjú ár sem kostað var af Landsvirkjun. Niðurstöður þess lágu ekki fyrir fyrr en nú í vor. Þess vegna þurfti að seinka aðalfundi til að Skarphéðni Smára hjá Logg gæfist kostur á að færa þær upplýsingar yfir í arðskrárgrunninn og bæta við þeim 2000 einingum sem skildar voru eftir fyrir uppeldisskilyrði við gerð síðustu arðskrár.

Þorvaldur þakkaði í lokin fyrir gott samstarf á árinu við leigutaka, veiðiréttarhafa og stjórnarmenn. Sjá nánar í fylgiskjali 2.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Halla Eiríksdóttir gjaldkeri varpaði upp og fór yfir ársreikning félagsins, sjá fylgiskjal 3. Ársreikningur hafði verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn.

Helstu niðurstöðutölur eru þessar:

Rekstrartekjur	9.965.803 kr.
Rekstrargjöld	2.754.591 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>152.174 kr.</u>
Afgangur ársins	2.906.765 kr.
<u>Eigið fé í árslok</u>	<u>14.519.084 kr.</u>

Í máli gjaldkera kom fram að höfuðstóll félagsins hefði stækkað á undanförunum árum en það væri með ráðum gert til að eiga fyrir fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum kostnaði við uppfærslu arðskrár. Einnig kom fram að enn væri óráðstafað arði til örfárara veiðiréttarhafa sökum skorts á upplýsingum þar sem engir forsvarsmenn væru tilgreindir fyrir nokkrar fasteignir sem aðild eiga að félaginu.

JJ. 587

5. Umræður um skýrslu, reikninga og fjárhagsáætlun

Litlar umræður urðu um ársreikning og skýrslu stjórnar. Spurt var út í framkvæmdir við ána og formaður svaraði því að stjórn legði áherslu á í sínum umsögnum að þær spilltu ekki ánni og vel væri gengið frá. Að loknum umræðum bar fundarstjóri ársreikninginn undir atkvæði. Ársreikningurinn var samþykktur með handauppréttingu, með öllum greiddum atkvæðum, enginn sat hjá og enginn var á móti.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Halla gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2026 og helstu verkefni samhliða, sjá fylgiskjal 4.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

Rekstrartekjur	15.500.000 kr.
Rekstrargjöld	15.720.000 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>250.000 kr.</u>
Rekstrarafgangur ársins	30.000 kr.

Gert er ráð fyrir meiri leigutekjum en á síðasta ári þar sem staða Háslóns er góð með tilliti til yfirfalls og að arðgreiðslur verði sem fyrr 70% af leigutekjum. Kostnaður veiðifélagsins vegna vinnu við arðskrá fellur á þetta ár sem hækkar gjöldin og auk þess er ætlunin að gefa út ný veiðikort. Enn hafa ekki borist svör úr Fiskræktarsjóði en sótt var um í tvö verkefni og vonast til að fá styrk í a.m.k. í annað þeirra.

Til að hvetja landeigendur til dáða við aðgengismál leggur stjórn til að styrkir til framkvæmda hækki í 300 þúsund krónur og aðeins þurfi 30% mótframlag. Gjaldkeri kynnti einnig að það væri tillaga stjórnar að stjórnarlaun yrðu óbreytt, 10.000 kr. fyrir setinn fund plús akstur.

Þessar tillögur og fjárhagsáætlunin í heild sinni samþykkt með handauppréttingu með öllum greiddum atkvæðum.

7. Breytingar á samþykktum félagsins

Tillaga um breytingu á 7 gr. samþykktu félagsins hafði verið send út með fundarboði. Er sú breyting lögð til vegna breytingar á 14. gr. reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga frá 13. október 2025 þar sem fellt er úr gildi ákvæði um að boða þurfi félagsfundi veiðifélaga með ábyrgðarbréfi þegar breyta á samþykktum eða ráðstafa veiði.

Svohljóðandi breyting á 7. gr. samþykktu var borin undir fundinn (breyting feitletruð):

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá til allra veiðiréttarhafa með minnst 10 daga fyrirvara. Skylt er að boða fundi í veiðifélaginu skriflega með tryggilegum hætti ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi.

J.J.

SBT

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerðabók. Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

Orðlagsbreyting að „fundarbók“ verði fundargerðabók“ í þriðju síðustu setningu einnig tekin með í afgreiðslu. Breyting á 7. gr. samþykkt samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Enginn sat hjá og enginn greiddi atkvæði á móti.

8. Kosningar:

a. Kosning 2ja stjórnarmanna til 3ja ára

Fundarstjóri tilkynnti að kjósa þyrfti um sæti Gests Hallgrímssonar og Skúla Björns Gunnarssonar í stjórninni. Þeir gáfu báðir kost á sér áfram. Engin mótframboð og voru þeir klappaðir inn í stjórn.

b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Á síðasta aðalfundi voru varamenn kosnir: Agnar Benediktsson 1. varamaður, Þorsteinn Gústafsson 2. varamaður og Stefanía Karlsdóttir 3. varamaður. Þau gáfu öll kost á sér áfram. Enginn önnur framboð komu fram. Agnar, Þorsteinn og Stefanía klöppuð inn sem varamenn næsta starfsárið í sömu röð og áður.

c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs

Tillaga um Sólrúnu Hauksdóttir og Ragnar Antonsson sem aðalskoðunarmenn og Benedikt Arnórsson til vara. Samþykkt með lófataki.

d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir með lófataki: Þorsteinn Gústafsson, Benedikt Arnórsson og Guðmundur Ólason sem aðalmenn. Hallgrímur Þórhallsson og Benedikt Ólason til vara.

9. Arðgreiðslur

Tillaga stjórnar um arðgreiðslur hljóðaði upp sömu hlutföll og á síðasta ári. Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Stjórn veiðifélagsins leggur til eftirfarandi varðandi arðgreiðslur 2026:

Að 70% af leigutekjum 2026 fari í arðgreiðslur ársins.

J.J. 534

10. Afgreiðsla arðskrár

Ný arðskrá hafði verið send út með fundarboði ásamt yfirliti fyrir hverja jörð um útreikning á einingum og forsendur fyrir þeim. Skarphéðinn Smári Þórhallsson hjá Logg ehf. vann alla útreikninganna eins og við gerð síðustu arðskrár. Hann gerði grein fyrir sinni vinnu og fór yfir það hvernig einingar vegna veiði voru uppfærðar samkvæmt veiðitölum allt til 2025. Sömu leiðis gerði hann ítarlega grein fyrir því hvernig hann deildi framleiðslueiningum úr skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um botngerðarmat niður á jarðir/landareignir. Engar breytingar voru gerðar á einingum í arðskránni sem reiknast út frá bakkalengd og vatnsmagni.

Með nýrri arðskrá er bætt við 2000 einingum fyrir uppeldisskilyrði og þeim deilt niður á jarðir/landareignir út frá mati sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar á framleiðslugildi ólíkra kafla árinna og fiskgengra hliðaræa. Heildarfjöldi eininga í arðskrá er þá 10.000 einingar sem deilast á milli 76 jarða/landareigna að teknu tilliti til hlutfallsskiptingar þar sem óskipt land eða samkomulag er milli tveggja eða fleiri fasteigna.

Áður en arðskráin var borin undir atkvæði fór fundarstjóri yfir nokkur ákvæði í reglugerð um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012. Hann ítrekaði að 2/3 hluta atkvæðisbærra félagsmanna þyrfti til að samþykkja arðskrána og ef öll atkvæði á fundinum, 56 talsins, væru greidd með arðskránni þá nægði það.

Atkvæði voru greidd með handaruppréttingu. Enginn sat hjá og enginn greiddi atkvæði á móti. Arðskráin taldist því samþykkt með öllum 56 atkvæðum aðalfundarins.

Fundarstjóri lagði til að fundarmenn klöppuðu fyrir því að arðskráin hefði verið samþykkt þó að allir félagsmenn hefðu nú 2ja mánaða frest til að óska eftir mati vegna arðskrár. Hann lét í leiðinni klappa fyrir þeim konum sem framreiddu glæsilegar veitingar á fundinum.

11. Önnur mál

a. Nýtingaráætlun

Skúli Björn ritari gerði stuttlega grein fyrir nýtingaráætlun sem stjórn hefur samþykkt og sent til Fiskistofu. Í henni er Jöklu skipt upp í fjögur veiðisvæði: Jöklu 0 frá ósum að Hagholti (2 stangir), Jöklu 1 frá Skipalág að Húsármótun (6 stangir), Jöklu 2 frá Hofteigsbreiðu að Tregluhyl (6 stangir) og Jöklu 3 allt ofan Tregluhyla (2 stangir). Veiðitímabil er sett 18. júní til 30. september eða 105 dagar og mælst til að öllum laxi sé sleppt þó að leyfilegt sé að taka einn lax undir 70 cm á stöng á dag. Skyld er að sleppa sjóbleikju sem er stærri en 45 cm og algjört bann lagt við netaveiði.

b. Skráning silungs


Próstur leigutaki tók til máls og þakkaði fyrir góðan fund og gott samstarf sem hann vonaðist til að héldist sem lengst. Vegna umræðu um skráningu á silungsveiði sagðist hann gera sitt besta til að allur fiskur væri færður til bókar en alltaf mætti gera betur í að koma veiðitölum til veiðivarðar.

73

84

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri sagði sig frá störfum. Þorvaldur formaður þakkaði fyrir góðan fund.

Að því búnu sleit Þorvaldur fundi kl. 17:00.



Jón Jónsson fundarstjóri



Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 31. maí 2026

1. Blöndugerði	Landeigandi	Umboð Gestur Hallgrímsson
2. Blöndubakki	Ábúandi	Gestur Hallgrímsson
3. Stóri-Bakki	Landeigandi	Umboð Gestur Hallgrímsson
4. Árbakki	Landeigandi	Umboð Gestur Hallgrímsson
5. Litli-Bakki	Landeigandi	Umboð Skúli Björn Gunnarsson
6. Hrærekslækur	Landeigandi	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
7. Galtastaðir út	Landeigandi	Umboð Skúli Björn Gunnarsson
8. Geirastaðir II	Landeigandi	Þorsteinn P. Gústafsson
9. Húsey I	Ábúandi	Laufey Ólafsdóttir
10. Húsey II	Landeigandi	Laufey Ólafsdóttir
11. Valbjófsstaður	Landeigandi	Umboð Skúli Björn Gunnarsson
12. Aðalból	Ábúendur	
13. Vaðbrekka	Landeigandi	Umboð Aðalsteinn Sigurðsson
14. Skriðuklaustur	Ábúandi	Umboð Skúli Björn Gunnarsson
15. Klaustursel	Landeigandi	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
16. Merki	Ábúandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
17. Arnarhóll	Ábúandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
18. Arnórsstaðapartur	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
19. Gauksstaðir	Landeigandi	
20. Mælivellir	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
21. Skuggahlíð	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
22. Hnefilsdalur I	Landeigendur	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
23. Hnefilsdalur II	Landeigendur	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
24. Smáragrund	Landeigendur	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
25. Skeggjastaðir	Landeigendur	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
26. Refshöfði	Landeigendur	
27. Teigasel	Landeigandi/Ábúandi	
28. Gil	Landeigandi	
29. Hrúthamrar	Landeigandi	
30. Hrólfsstaðir	Landeigandi	Guðmundur Ólason
31. Hauksstaðir	Landeigandi	Snæbjörn Ólason
32. Hvanná I	Landeigandi	Umboð Agnar Benediktsson
33. Hvanná II	Landeigandi	Agnar Benediktsson
34. Hvanná III	Landeigandi	Umboð Agnar Benediktsson
35. Hofteigur	Ábúandi	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
36. Hjarðargrund	Landeigandi	Sigríður Auðna G. Hjarðar
37. Hjarðarhagi	Landeigandi	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
38. Skjöldólfsstaðir I	Landeigandi	Þorsteinn Snædal
39. Skjöldólfsstaðir II	Landeigandi	
40. Gilsá	Landeigandi	
41. Arnórsstaðir I og II	Landeigandi	
42. Arnórsstaðir III	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
43. Hákonarstaðir I	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir

44. Hákonarstaðir II	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
45. Hákonarstaðir III	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
46. Langagerði	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
47. Breiðilækur	Landeigandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
48. Grund	Landeigendur	Umboð Stefanía Karlsdóttir
49. Eiríksstaðir	Ábúandi	Umboð Halla Eiríksdóttir
50. Brú	Landeigendur	Umboð Stefán Halldórsson
51. Laugavellir	Landeigendur	Umboð Þorvaldur P. Hjarðar
52. Eyjasel	Landeigendur	
53. Hólmatunga	Landeigandi	
54. Torfastaðir	Landeigendur	Svandís Sigurjónsdóttir
55. Árteigur	Landeigandi	Umboð Skúli Björn Gunnarsson
56. Hnitbjörg	Landeigandi	Umboð Skúli Björn Gunnarsson
57. Bláeyri/Fagrahlíð	Landeigendur	
58. Hlíðarhús	Landeigendur	Hlíðar Eiríksson
59. Sleðbrjótssel	Landeigendur	
60. Mássel	Landeigandi	Þórarinn Ingi Guðnason
61. Sleðbrjótur I	Landeigandi	Umboð Þórarinn Hrafnkelsson
62. Sleðbrjótur II	Landeigandi	Umboð Þórarinn Hrafnkelsson
63. Breiðamörk I	Landeigandi	Umboð Þórarinn Hrafnkelsson
64. Breiðamörk II	Landeigandi	Umboð Þórarinn Hrafnkelsson
65. Surtssstaðir	Landeigendur	
66. Hallgeirsstaðir	Landeigendur	
67. Vörðubrunn	Landeigandi	Lárus Brynjar Dvalinsson
68. Hrafnabjörg I	Landeigendur	Sigmar Daði Viðarsson
69. Hrafnabjörg II	Landeigandi	Rúnar H. Guðmundsson
70. Hrafnabjörg III	Landeigandi	Umboð Guðmunda Vala Jónasdóttir
71. Hrafnabjörg IV	Landeigandi	Umboð Lárus Brynjar Dvalinsson
72. Fossvellir I	Landeigendur	
73. Fossvellir II	Landeigandi	
74. Selland	Landeigandi	

Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal flutt af formanni á aðalfundi félagsins 31. maí 2026

Stjórn félagsins síðasta árið skipuðu: Þorvaldur P. Hjarðar formaður, Skúli Björn Gunnarsson ritari, Halla Eiríksdóttir gjaldkeri, Gestur Jens Hallgrímsson og Lárus Brynjar Dvalinsson meðstjórnendur Varafólk í stjórn, Agnar Benediktsson, Stefanía Katrín Karlsdóttir og Þorsteinn Gústafsson voru boðuð á alla stjórnarfundum og sátu marga þeirra. Haldnir voru sjö formlegir stjórnarfundir á starfsárinu sem fóru allir vel fram og bauðst þeim sem voru fjarstaddir jafnan að vera með gegnum netið.

Framkvæmdir

Félagið fékk tæplega 1,5 m.kr. framlag úr Fiskræktarsjóði þetta árið til að halda áfram að bæta aðgengi og merkingar við ána, sérstaklega á Efra-Dal. Félagið átti einnig eftir fjármuni frá fyrri árum til framkvæmda. Almenna reglan um úthlutun hefur verið að styrkja að hámarki 50% af framkvæmd og hámarksstyrkur verið 200 þús. kr. En tillaga stjórnar er nú að hækka hlutfallið í 70% og styrk í 300 þús.

Rétt er að hvetja landeigendur til að sækja um styrki til framkvæmda en minna jafnframt á að mikilvægt er að sótt sé um styrki áður en lagt er í framkvæmd, því að stjórn getur orðið að forgangsraða. Eyðublað er aðgengilegt á heimasíðu félagsins.

Vinnuhópur frá Landsvirkjun kom í þrjá daga til að laga veiðistíga, merkja gönguleiðir og setja upp þrílur. Guðmundur Ólason veiðivörður og Þorvaldur formaður stýrðu þeim framkvæmdum. Aðgengið að Tregluhyl var meðal þeirri framkvæmda sem ráðist var í.

Veiðifélagið færi til sín til umsagnar á hverju ári ýmis mál vegna framkvæmda við ána og hefur ákveðna stefnu varðandi afgreiðslu slíkra umsagna. Hún er þessi:

- að gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem grugga það upp, breyta hitastigi þess eða setja óæskileg efni í það. Auk beinna áhrifa á lífríkið, getur grugg haft neikvæð áhrif á aðstæður til veiða.
- að áhöld og vélar sem notuð eru í og við ár og vötn séu þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni, þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.
- að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- að gengið verði frá framkvæmdastað þannig að ekki verði hætt á að lífríki árinna skaðist.
- að gengið verði frá jarðvegssárum nálægt bökkum þannig að ekki skolist jarðvegur út í ána.

Veiðin og aðgreiðslur

Upphæð arðs af leigutekjum ársins ræðst aðallega af fjölda veiðidaga. Veiðisumarið 2025 var stutt, sérstaklega miðað við árið á undan en yfirfallið kom 4. ágúst. Samt veiddust 810 laxar í Jöklu sjálfri. Leigutakinn Þröstur Elliðason mun fara yfir veiðisumarið 2025.

Á aðalfundi 2025 var samþykkt að aðgreiðslur yrðu 70% af leigutekjum og þýddi það að tæpar 6 m.kr. skiptumst á milli veiðiréttarhafa og voru greiddar út í árslok.

Fréttabréf og grill

Fréttabréf veiðifélagsins var sent út í júní og fyrsti lax veiðisumarsins prýddi forsíðuna. Tiltektardagar voru frjálssir þetta árið og landeigendur hvattir til að taka til sjálfir á sinni jörð. Þann 29. júní var hins vegar efnt til grillsamveru við Hálsakot fyrir félagsmenn og mættu þó nokkrir þangað.

Skil á gögnum til Fiskistofu

Fiskræktaráætlun fyrir næstu fimm ár fékkst loksins staðfest hjá Fiskistofu. Jafnframt var skilað inn skýrslu um seiðasleppingar og fiskrækt ársins 2025. Allar veiðitölur voru færðar rafrænt síðasta sumar og fóru beint inn til Fiskistofu. Stjórn samþykkti nýtingaráætlun fyrir næstu ár nú á vordögum og biður hún staðfestingar Fiskistofu. Er nýtingaráætlunin kynnt á aðalfundinum.

Fjármál

Veiðifélagið er skuldlaust og rekstur í jafnvægi, arðgreiðslur vaxandi. Styrkir hafa fengist fyrir flestum framkvæmdum og má það þakka að sjóðaglöggfólk hefur verið til staðar í stjórn félagsins. Ekki er ráðist í neinar framkvæmdir nema fjármögnun sé tryggð. Bókhald félagsins er sem fyrr í höndum Önnu Dóru Helgadóttur hjá MT bókhaldi og ráðgjöf.

Stjórnarmenn félagsins hafa síðustu tvö ár fengið greitt fyrir fundarsetu og akstur. Félagið á ágætan sjóð sem safnað hefur verið í til að eiga fyrir uppfærslu á arðskrá sem nú sér fyrir endann á. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun gjaldkera um ársreikning og áætlun.

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga var haldinn á Hótel Héraði Berjaya á Egilsstöðum 26.-27. apríl. Hlutverk Veiðifélags Jöklu á þeim fundi var að annast fundarstjórn, menningardagskrá fyrir maka og veislustjórn í kvöldverði. Hilmar Gunnlaugsson lögmaður tók að sér fundarstjórnina, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir fór með maka í gönguferð um Egilsstaði og Sigurður Aðalsteinsson stýrði kvöldverði. Þá var móttaka í Hálsakoti í boði Strengja þar sem þröstur tók á móti fundarfólki. Fulltrúar veiðifélagsins á aðalfundinum voru Þorvaldur P. Hjarðar og Þórarinn Hrafnkelsson.

Laxeldismál

Á síðasta aðalfundi veiðifélagsins fór Gunnlaugur Stefánsson, fulltrúi Austurlands í stjórn Landssambandsins, vel yfir hættuna á erfðablöndun vegna sjókvíaldis á laxi. Veiðifélag Jöklu hefur staðið að nokkrum ályktunum og umsögnum með öðrum veiðifélögum varðandi slíkt eldi enda ljóst að hættan á erfðablöndun er mikil. Svæðið á milli Glettinganess og Hraunhafnartanga á að vera laust við sjókvíaldi lögum samkvæmt og vonandi heldur það um ókomna framtíð. Sömuleiðis er nú útlit fyrir að ekki verði af eldi í Seyðisfirði.

Botngerðarmat og arðskrá

Við gerð fyrstu arðskrár veiðifélagsins sem samþykkt var 2017 var ákveðið að uppeldisskilyrði í myndu gilda 20% og því skildar eftir 2000 einingar af 10.000 til að deila út síðar. Á síðustu þremur árum hafa sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar unnið að botngerðarmati og liggur nú fyrir lokaskýrsla frá þeirra hendi. Sú vinna var fjármögnuð með samningi sem gerður var við Landsvirkjun og er verðmæti hans um 20 m.kr. Skarphéðinn Smári Þórhallsson hjá Logg var fenginn til að uppfæra veiðitölur og vinna að endurskoðun arðskrár í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar. Ný arðskrá liggur nú fyrir til afgreiðslu og það er von stjórnar að hún verði samþykkt og ekki þurfti að eyða frekari fjármunum í gerð hennar.

Að lokum

Vil ég að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka sem og öðrum fyrir gott samstarf. Þau nítján ár sem liðin eru frá virkjun árinna til raforkuframleiðslu hefur tekist að byggja upp veiðistofn í ánni og setja reglur um skiptingu tekna af leigu með samþykkt arðskrár. Vonandi stefna allir að sama marki sem hagsmuna eiga að gæta varðandi framtíðaruppbyggingu og nýtingu Jöklu sem stoðar til framtíðar byggðar í sveitinni okkar. Megi Veiðifélag Jökulsár á Dal vaxa og arðsemi aukast um ókomna tíð.

*Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
Þorvaldur P. Hjarðar formaður*



ÁRSREIKNINGUR 2025



Áritun stjórnar

Þórunn P. Hjartarson Stjórn
Guðrún Bryndís Pálsdóttir Stjórn
Halldór Einarsson

Áritun skoðunarmanna

Undirrituð, kjörnir skoðunarmenn reikninga fyrir **Veiðifélag Jökulsá á Dal**, höfum farið yfir ársreikning þennan. Gerum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Þann 30. maí 2026

Benedikt Arnórsson Silvín Hauksdóttir

Áritun reikningshaldara

Ársreikning þennan fyrir **Veiðifélag Jökulsá á Dal** hefi ég samið eftir bókhaldi félagsins. Reikningurinn er unninn í dk-bókhaldskerfi og hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 2025, efnahagsreikning 31. desember 2025, sundurliðanir samkvæmt skýringanúmerum.

Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi kr. **9.965.803** og rekstrargjöld kr. **7.211.212** og jákvæð niðurstaða eftir fjármagnsliði kr. **2.906.765**

Egilsstöðum þ. 20.05.2026

Anna Dóra Kjerúlf Helgadóttir
Anna Dóra Kjerúlf Helgadóttir

	Skýr.	2025	2024
REKSTRARTEKJUR:			
Leigutekjur	1	8.480.803	15.517.545
Styrkur, Fiskræktarsjóður	1	1.485.000	0
Rekstrartekjur alls		9.965.803	15.517.545
REKSTRARGJÖLD:			
Arðgreiðslur	2	5.581.283	10.864.000
Aðkeypt þjónusta	3	0	120.000
Annar rekstrarkostnaður	4	1.629.929	1.927.834
Rekstrargjöld alls		7.211.212	12.911.834
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		2.754.591	2.605.711
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur og verðbætur		152.174	242.985
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		0 (2.270)	
		152.174	240.715
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		2.906.765	2.846.426
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		2.906.765	2.846.426

	Skýr.	2025	2024
EIGNIR			
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur	5	2.022.556	3.508.273
Handbært fé	6	14.221.351	10.579.360
Veltufjármunir alls		16.243.907	14.087.633
EIGNIR SAMTALS			
		16.243.907	14.087.633
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01.		11.612.319	8.765.893
Hagnaður (tap) ársins		2.906.765	2.846.426
Eigið fé alls		14.519.084	11.612.319
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	7	1.724.823	2.475.314
Skammtímaskuldir alls		1.724.823	2.475.314
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS			
		16.243.907	14.087.633

	2025	2024
1. REKSTRARTEKJUR:		
Leigutekjur	8.480.803	15.517.545
Styrkur, Fiskræktarsjóður	1.485.000	0
Rekstrartekjur alls	9.965.803	15.517.545
2. REKSTRARGJÖLD:		
Arðgreiðslur	5.581.283	10.864.000
Aðkeypt þjónusta	0	120.000
Framkvæmdir	642.427	811.638
Fréttabréf og útgáfa	15.062	167.886
Endurskoðun og reikningsskil	74.846	85.002
Funda- og viðskiptakostnaður	232.400	81.412
Stjórnarseta og akstur	355.274	439.503
Félags- og aðildargjöld	308.951	293.997
Þjónustugjöld og fit kostnaður	969	8.219
Annar kostnaður	0	40.177
Rekstrargjöld alls	7.211.212	12.911.834
5. SKAMMTÍMAKRÖFUR:		
Viðskiptamenn	1.868.633	3.387.830
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	153.923	120.443
Skammtíma kröfur alls	2.022.556	3.508.273
6. HANDBÆRT FÉ:		
Veltureikningur 0305-26-6100	12.100.083	8.435.862
Arion 0305-22-000696	2.015.064	2.016.849
Arion 0305-13-110239	106.204	104.919
Debetkort	0	21.730
Handbært fé alls	14.221.351	10.579.360
7. VIÐSKIPTASKULDIR:		
Lánardrotnar	0	537.888
Ógreiddur arður fyrra árs	1.724.823	1.937.426
Viðskiptaskuldir alls	1.724.823	2.475.314

Rekstrarhreyfingar:

	2025	2024
Tekjur umfram gjöld samkvæmt rekstrarreikningi	2.906.765	2.846.426
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	
Afskriftir	0	
Veltufé frá rekstri	2.906.765	2.846.426

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)	1.485.717	(1.054.898)
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun)	(750.491)	1.251.770
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	735.226	196.872
Handbært fé frá rekstri	3.641.991	3.043.298

Fjárfestingahreyfingar:

Kaup á fastafjármunum	0	0
Aðrar fjárfestingahreyfingar	0	0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0

Fjármögnunarahreyfingar:

Tekin ný langtímalán	0	
Afborganir af langtímalánum	0	
Aðrar fjármögnunarahreyfingar	0	
Fjármögnunarahreyfingar alls	0	0

Hækkun (lækkun) á handbæru fé

3.641.991 3.043.298

Handbært fé í ársbyrjun

10.579.360 7.536.062

Handbært fé í árslok

14.221.351 10.579.360

Veiðifélag Jökulsár á Dal - fjárhagsáætlun fyrir árið 2026
 lögð fyrir aðalfund 31. maí

	Áætlun 2026	Raun 2025	Áætlun 2025	Raun 2024
Eigið fé í ársbyrjun	14.519.084	11.612.319	11.612.319	8.765.893
Tekjur:				
Leigutekjur	15.000.000	8.480.803	10.087.995	15.517.545
Aðrar tekjur	500.000	1.485.000	500.000	0
Tekjur alls	15.500.000	9.965.803	10.587.995	15.517.545
Gjöld:				
Arðgreiðslur	10.500.000	5.581.283	7.061.597	10.864.000
Aðkeypt þjónusta	2.000.000		600.000	120.000
Framkvæmdir	1.500.000	642.427	1.200.000	811.638
Fréttabréf og útgáfa	600.000	15.062	600.000	167.886
Endurskoðun og reikningsskil	100.000	74.846	120.000	85.002
Funda- og	150.000	232.400	150.000	81.412
Stjórnarseta og akstur	500.000	355.274	500.000	439.503
Félags- og aðildargjöld	320.000	308.951	250.000	293.997
Þjónstugj. og fit kostn.		969		
Annar kostn.	50.000		50.000	48.396
Gjöld alls	15.720.000	7.211.212	10.531.597	12.911.834
Fjármagnst. & gjöld	250.000	152.174	250.000	240.715
Rekstraraufg.(halli)	30.000	2.906.765	306.398	2.846.426
Eigið fé í árslok	14.549.084	14.519.084	11.918.717	11.612.319

Nr	Jörð	Hlutfall	Landnúmer	Bakkalengd - einingar	Uppeldisskilyrði - einingar	Hliðarar - einingar	Lax - einingar	Silungur - einingar	2026 - einingar	2017 - einingar
1	Laugavellir	100.0%	156919	2.83	6.23	0.00	0.00	0.00	9.06	2.83
2	Brú 1	50.0%	156892	21.17	49.19	26.49	0.00	9.60	106.45	60.39
3	Brú 2	50.0%	210141	21.17	49.19	26.49	0.00	9.60	106.45	60.39
4	Eiríksstaðir	100.0%	156893	81.29	20.21	0.00	0.27	66.96	168.73	113.29
5	Grund	100.0%	156899	24.17	0.49	0.00	0.00	0.00	24.66	24.18
6	Breiðilækur	100.0%	156891	20.27	0.43	0.00	0.00	0.00	20.70	20.28
7	Hákonarstaðir 1	33.3%	156901	12.48	0.26	0.00	0.09	5.49	18.32	20.68
8	Hákonarstaðir 2	33.3%	156902	12.48	0.26	0.00	0.09	5.49	18.32	20.68
9	Hákonarstaðir 3	33.3%	156903	12.48	0.26	0.00	0.09	5.49	18.32	20.68
10	Langagerði	100.0%	156918	31.96	0.68	0.00	16.48	11.53	60.63	31.97
11	Arnórsstaðir 3	100.0%	156890	28.56	8.08	0.00	13.69	10.98	61.30	52.45
12	Arnórsstaðir 1 og 2	100.0%	156889	34.55	28.16	15.36	20.33	25.80	124.21	102.30
13	Gilsá	100.0%	156898	16.38	1.50	15.36	0.80	1.65	35.69	34.27
14	Skjöldólfsstaðir 2	100.0%	156930	12.48	3.24	0.00	0.80	1.10	17.61	14.09
15	Skjöldólfsstaðir 1	100.0%	156929	46.34	41.50	11.44	104.04	38.97	242.28	157.05
16	Hjarðarhagi	100.0%	156909	72.60	19.32	38.67	27.50	82.88	240.97	164.14
17	Hjarðargrund	100.0%	156908	16.08	0.39	5.83	0.00	0.00	22.30	21.88
18	Hofteigur	100.0%	156912	73.00	67.03	42.01	276.91	35.68	494.62	255.15
19	Hvanná 2	100.0%	156915	30.56	31.91	4.56	112.68	19.21	198.91	103.90
20	Hvanná 1	50.0%	156914	25.27	25.57	1.01	13.82	1.92	67.58	43.16
21	Hvanná 3	50.0%	209254	25.27	25.57	1.01	13.82	1.92	67.58	43.16
22	Hauksstaðir	100.0%	156906	50.53	0.70	0.16	706.62	34.58	792.58	670.63
23	Hrólfstaðir	100.0%	156905	37.55	0.61	0.00	89.02	4.39	131.57	63.24
24	Selland	100.0%	156874	45.54	0.69	0.00	112.94	6.59	165.75	228.77
25	Fossvellir 1	50.0%	156854	20.77	21.51	12.71	76.80	14.82	146.61	115.69
26	Fossvellir 2	50.0%	156857	32.85	21.60	12.71	76.80	14.82	158.79	127.77
27	Hrafnabjörg 1	27.8%	157867	15.28	17.37	7.07	31.55	10.22	81.49	80.02
28	Hrafnabjörg 2	25.9%	156868	14.18	16.18	6.59	29.39	9.52	75.86	74.43
29	Hrafnabjörg 3	13.0%	156869	7.09	8.09	3.31	14.75	4.78	38.02	37.37
30	Hrafnabjörg 4	33.3%	156870	18.27	20.77	8.47	37.79	12.25	97.55	95.81
31	Hallgeirsstaðir	66.7%	156860	37.25	40.75	10.60	163.70	36.22	288.52	541.66
32	Vörðubrún	33.3%	156885	18.57	14.73	5.30	81.85	18.11	138.57	270.83
33	Surtsstaðir	100.0%	156882	44.04	56.16	0.00	1.33	4.39	105.92	45.16
34	Breiðamörk 1	50.0%	156849	24.97	32.74	0.00	0.00	0.00	57.71	24.98
35	Breiðamörk 2	50.0%	156850	24.97	32.74	0.00	0.00	0.00	57.71	24.98
36	Sleðbrjótur 1	50.0%	156878	22.77	48.96	16.69	0.00	0.00	88.42	119.28
37	Sleðbrjótur 2	50.0%	156881	22.77	48.96	16.69	0.00	0.00	88.42	119.28
38	Hlíðarhús	100.0%	156864	18.27	26.78	33.38	0.00	0.00	78.43	211.29
39	Fagrahlíð	50.0%	156852	15.88	16.26	0.00	0.00	0.00	32.14	15.94
40	Bláeyri	50.0%	202624	15.88	16.26	0.00	0.00	0.00	32.14	15.94
41	Hnitbjörg	100.0%	156865	19.57	27.52	0.00	0.00	0.00	47.10	19.58
42	Árteigur	100.0%	156846	14.98	9.03	0.00	0.00	0.00	24.01	14.99
43	Torfastaðir	100.0%	156884	15.88	8.58	0.00	0.00	0.00	24.46	15.89
44	Hólmatunga	100.0%	156866	37.45	33.07	0.00	0.00	0.00	70.51	37.47
45	Eyjasel	100.0%	156851	52.03	46.02	0.00	0.00	0.00	98.05	52.05

Nr	Jörð	Hlutfall	Landnúmer	Bakkalengd - einingar	Uppeldisskilyrði - einingar	Hliðarar - einingar	Lax - einingar	Silungur - einingar	2026 - einingar	2017 - einingar
46	Valþjófsstaður	100.0%	156851	0.56	2.69	0.00	0.00	0.00	3.25	0.28
47	Aðalból	100.0%	156886	4.87	153.60	22.25	0.00	0.00	180.72	4.89
48	Vaðbrekka	100.0%	156935	46.87	100.31	45.03	0.00	14.82	207.04	136.17
49	Skriðuklaustur	100.0%	156968	86.58	20.27	33.91	0.27	66.96	207.99	152.75
50	Klaustursel	100.0%	156917	87.58	1.85	11.13	7.97	25.80	134.32	123.58
51	Arnarhóll	100.0%	156887	10.65	0.16	0.00	8.77	2.20	21.78	10.69
52	Merki	100.0%	156920	32.74	6.96	0.00	17.01	31.83	88.54	95.21
53	Arnórsstaðapartur	100.0%	156888	19.31	17.02	0.00	2.13	0.00	38.45	19.38
54	Gauksstaðir	100.0%	156896	144.50	73.34	0.00	133.67	110.32	461.83	289.01
55	Skuggahlíð	100.0%	156931	65.09	21.38	8.48	68.56	27.99	191.50	107.00
56	Mælivellir	100.0%	156921	2.79	30.61	8.48	29.36	4.39	75.63	18.48
57	Hnefildalur 1	50.0%	156910	15.03	34.61	1.91	52.15	10.15	113.86	58.94
58	Hnefildalur 2	50.0%	203070	15.03	34.61	1.91	52.15	10.15	113.86	58.94
59	Smáragrund	100.0%	156932	5.37	16.81	3.81	47.30	1.65	74.95	9.20
60	Skeggjastaðir	100.0%	156928	54.04	55.99	6.36	176.45	23.05	315.89	208.09
61	Refshöfði	100.0%	156927	35.13	34.60	2.91	16.08	1.65	90.37	41.26
62	Teigasel 1	100.0%	156934	20.30	0.34	2.91	7.04	0.00	30.60	25.58
63	Teigasel 2	100.0%	173248	18.11	0.30	3.02	700.24	34.58	756.25	638.76
64	Gil	100.0%	156897	61.50	0.48	4.93	89.02	9.88	165.82	98.50
65	Hrúthamrar	100.0%	156913	29.66	1.00	2.01	111.21	0.00	143.88	208.99
66	Blöndugerði	100.0%	157139	43.99	12.28	3.18	30.83	7.68	97.96	76.13
67	Blöndubakki	100.0%	157138	37.82	33.60	3.18	236.91	59.82	371.33	162.94
68	Stóri Bakki	100.0%	157171	2.09	11.62	0.00	1.06	0.00	14.77	64.54
69	Árbakki	100.0%	157137	13.14	13.49	0.00	0.00	0.00	26.63	138.16
70	Stóri Bakki félagsrækt	100.0%	208345	12.74	11.62	0.00	0.00	0.00	24.36	75.23
71	Litli Bakki	100.0%	157166	76.23	76.85	0.00	186.95	51.04	391.08	459.34
72	Hrærekslækur	100.0%	157157	49.16	54.24	3.18	0.93	1.10	108.61	55.25
73	Galtastaðir út	100.0%	157160	97.33	87.31	3.18	0.00	0.00	187.82	102.50
74	Geirastaðir 2	100.0%	157147	13.04	11.71	6.36	0.00	0.00	31.10	19.48
75	Húsey 1	100.0%	157158	75.04	67.38	0.00	0.00	0.00	142.42	75.38
76	Húsey 2	100.0%	157159	75.04	67.38	0.00	0.00	0.00	142.42	75.38
				2500.00	2000.00	500.00	4000.00	1000.00	10000.00	8000.00